

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu olíugjalds til sendimanna erlendra ríkja.

1. gr.

Erlend sendiráð og sendierindrekar (diplomatic agents) skulu fá endurgreitt olíugjald af gas- og dísilolíu sem gjaldskyld er samkvæmt lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, vegna bifreiða í þeirra eigu.

2. gr.

Til þess að hljóta endurgreiðslu skv. 1. gr. verður bifreið að vera á sérstökum skráningarkerkjum fyrir ökutæki erlendra sendiráða og erlendra sendiráðsmanna, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 751/2003, um skráningu ökutækja, með síðari breytingum.

3. gr.

Utanríkisráðuneytið afgreiðir beiðni um endurgreiðslu. Beiðni skal fylgja fumrit þeirra reikninga sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Utanríkisráðuneytið gengur úr skugga um að í hlut eigi aðilar er undir reglurnar falla og að endurgreiðslubeiðni uppfylli skilyrði reglugerðar þessarar. Frumrit samþykkrar beiðni er send til Fjársýslu ríkisins sem annast endurgreiðslu. Afrit samþykkrar endurgreiðslubeiðni er send til umsækjanda ásamt frumriti reikninga.

Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð hvers einstaks reiknings nemi a.m.k. 7.000 kr. með virðisaukaskatti. Utanríkisráðuneytið skal heimila endurgreiðslu innsendra reikninga vegna fastra mánaðarlegra reikningsviðskipta nái heildarfjárhæð slíkra reikninga a.m.k. 7.000 kr. með virðisaukaskatti.

Utanríkisráðuneytið skal afgreiða beiðnir um endurgreiðslu 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert.

Reikningar þeir sem endurgreiðslubeiðni er byggð á skulu vera greiddir. Til staðfestingar á greiðslu skal greiðslukvittun fylgja greiddum reikningum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, og öðlast gildi 1. júlí 2005.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.